

REGLUR

um reiknað endurgjald á tekjuárinu 2017.

Eftirfarandi reglur um reiknað endurgjald eru settar skv. 3. málsl. 1. mgr. 58. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, vegna starfa á árinu 2017 og fyrir álagningu gjalda á árinu 2018. Reglur þessar eru til viðmiðunar fyrir reiknað endurgjald fyrir vinnu manns, sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, eða starfar á vegum lögaðila, t.d. sameignarfélags, samlagsfélags, samlagshlutafélags, einkahlutafélags eða hlutafélags eða á vegum tengdra félaga (dótturfélaga, hlutdeildarfélaga) þar sem hann hefur ráðandi stöðu vegna eignar- eða stjórnunaraðildar ef launatekjur af því starfi teljast vera lægri en hann hefði haft ef unnið hefði verið fyrir ótengdan eða óskyldan aðila.

1. Almenn.

Samkvæmt 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal maður, sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi reikna sér til tekna eigi lægra endurgjald fyrir starfið en hann hefði haft sem laun fyrir það hjá óskyldum eða ótengdum aðila. Sama gildir um vinnu maka manns og barna þeirra fyrir vinnu sem þau inna af hendi við atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi hans.

Sömu reglur gilda um vinnu við atvinnurekstur eða starfsemi sem rekin er í sameign með öðrum eða við atvinnurekstur lögaðila. Við þær aðstæður ber að ákvarða manni laun eins og starfið hefði verið innt af hendi fyrir óskyldan eða ótengdan aðila og að lágmarki samkvæmt reglum þessum, enda teljist hann hafa ráðandi stöðu vegna eignar- eða stjórnunaraðildar. Á sama hátt skal reikna endurgjald fyrir starf sem maki manns, barn hans, venslamaður hans eða nákominn ættingi innir af hendi fyrir framangreinda aðila.

Samkvæmt ákvæðum 58. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, skal ríkisskattstjóri setja við upphaf árs reglur um reiknað endurgjald fyrir vinnu við eigin atvinnurekstur og ákveða viðmiðunarfjárhæðir fyrir lágmark þess með hliðsjón af raunverulegum tekjum fyrir sambærileg störf að viðbættum hvers konar hlunnindum. Reglur um reiknað endurgjald og viðmiðunarfjárhæðirnar gilda einnig ef laun sem greidd eru vegna vinnu við atvinnurekstur eða starfsemi, sem rekin er í sameign með öðrum eða við atvinnurekstur lögaðila, eru lægri en ætla mætti að þau væru ef vinnan væri innt af hendi fyrir óskyldan eða ótengdan aðila.

Tengsl milli launþegans og vinnuveitandans til þess að reikna skuli endurgjald samkvæmt reglum þessum teljast vera fyrir hendi þegar sá sem launin tekur eða ætti að taka telst vera ráðandi aðili vegna eignar- eða stjórnunaraðildar, þó ekki ef um er að ræða starf á vegum lögaðila sem skráður er á opinberum verðbréfamarkaði. Maður telst ráðandi aðili ef hann einn eða ásamt maka, börnum, foreldrum, systkinum eða öðrum nákomnum ættingjum, eða starfandi hluthöfum, á samtals 50% hlut eða meira í lögaðila, og á sjálfur 5% hlut eða meira í lögaðilanum. Með nákomnum ættingja er átt við þá sem tengdir eru fjölskylduböndum, þ.m.t. tengsl sem skapast við ættleiðingu eða fóstur. Tengsl þessi teljast á sama hátt vera fyrir hendi ef um er að ræða óbeina eignar- eða stjórnunaraðild svo sem starfi maður hjá dótturfélagi eða hlutdeildarfélagi félags sem hann hefur ráðandi stöðu í. Sömu reglur gilda einnig um starfandi hluthafa sem ekki eru tengdir fjölskylduböndum, þ.e. eigi hópur starfandi hluthafa meira en 50% í lögaðila þá skulu viðmiðunarreglur þessar gilda um þá, þ.e. ef eignarhlutur er a.m.k. 5%.

Endurgjald, sem manni ber að reikna sér, sbr. framangreint, skal hann ákveða þannig að það sé eigi lægra en hann hefði haft sem laun fyrir sama starf hjá óskyldum eða ótengdum aðila. Skal sú fjárhæð að jafnaði ekki vera lægri en viðmiðunarfjárhæð sú sem ákveðin er í reglum þessum en getur verið hærri eða lægri eftir því sem tilefni er til með hliðsjón af raunverulega greiddum launum fyrir sambærileg störf hjá óskyldum eða ótengdum aðila, umfangi og eðli starfseminnar og starfs hans, taxa fyrir útselda vinnu í starfsgreininni, hversu hátt hlutfall vinnuþáttur er í rekstrinum, afkomu rekstrarins og fé sem bundið var í rekstrinum í ársbyrjun. Ef greidd eru einhvers konar hlunnindi til viðbótar við almenn laun, t.d. bifreiðahlunnindi, þá skulu þau metin samkvæmt skattmatsreglum og bætast við fjárhæðir reiknaðs endurgjalds samkvæmt viðkomandi viðmiðunarflokki.

Reiknað endurgjald manns, sem selur út eigin vinnu eða vinnu starfsmanna sinna, skal aldrei vera lægra en sem svarar til launa starfsmanns hans við reksturinn, með sambærilega menntun og reynslu. Jafnframt skal við þessar aðstæður taka tillit til þess hversu hátt hlutfall af rekstrartekjum stafar af útseldri vinnu, þ.e. hversu mikill vinnuþáttur er almennt í viðkomandi starfsgrein.

Viðmiðunarfjárhæðir eru miðaðar við þá tegund atvinnurekstrar eða starfsemi sem framteljandi stendur fyrir og eru lágmarksfjárhæðir sé viðkomandi ekki í öðru launuðu föstu starfi eða starfi sem reikna skal endurgjald fyrir. Sé svo er heimilt að lækka viðmiðunarfjárhæðirnar um þá fjárhæð sem laun eða reiknað endurgjald fyrir hitt starfið er umfram 50% af viðmiðunarfjárhæðinni þó þannig að það verði aldrei lægra en 25% af viðmiðunarfjárhæðinni að viðbætti þeirri hækkun sem leiða kann af næstu málsgrein hér á undan. Stundi framteljandi starfsemi sem hver um sig telst ekki vera fullt starf skal skipta reiknuðu endurgjaldi hlutfallslega miðað við starfshlutfall og viðeigandi viðmiðunarflokk.

Þegar hjón eða samskattað sambúðarfólk stendur saman að atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi skal hvort þeirra um sig ákvarða sér reiknað endurgjald í samræmi við reglur þessar og skiptist rekstrarhagnaður milli þeirra í hlutfalli við reiknað endurgjald þeirra. Vinni það hjóna, sem ekki stendur fyrir atvinnurekstrinum, með maka sínum skal meta því reiknað endurgjald eins og starfið hafi verið unnið af óskyldum eða ótengdum aðila. Rekstrarhagnaður telst vera tekjur þess sem stendur fyrir atvinnurekstrinum.

2. Staðgreiðsla af reiknuðu endurgjaldi.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, ber manni, sem reikna skal sér endurgjald vegna vinnu við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, að tilkynna ríkisskattstjóra um áætlaðar tekjur sínar á staðgreiðsluárinu í samræmi við reglur um reiknað endurgjald og standa skil á staðgreiðslu af þeirri fjárhæð eins og um greidd laun hafi verið að ræða. Sama á við ef maki eða annar sá sem fellur undir reglur þessar vinnur við atvinnureksturinn. Ef reiknuðu endurgjaldi er breytt eftir að starfsemi er hafin og tilkynnt hefur verið um það skal gera grein fyrir breytingum á því á staðgreiðsluárinu með því að tilgreina breytta fjárhæð í sundurliðun á staðgreiðslu, sjá nánar á vefsíðu ríkisskattstjóra, rsk.is.

Samkvæmt sömu lagagrein skal lögaðili ákveða manni, sem hjá honum starfar og fellur undir reglur þessar, endurgjald fyrir vinnu hans ef þau laun, sem honum eru greidd eru lægri en reiknað endurgjald samkvæmt reglunum og standa skil á staðgreiðslu af þeirri fjárhæð.

Telji ríkisskattstjóri að áætlun manns, sem starfar við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi eða ákvörðun lögaðila um endurgjald manns sem hjá honum starfar og fellur undir reglur þessar séu á staðgreiðsluári lægri en lágmark viðmiðunarfjárhæða skal hann ákveða endurgjaldið og staðgreiðslu af því í samræmi við reglurnar. Ríkisskattstjóri má aðeins víkja frá lágmarki reiknaðs endurgjalds samkvæmt viðmiðunarreglunum á grundvelli skriflegra skýringa og nauðsynlegra gagna frá framteljanda og/eða launagreiðanda.

Í skýringum manns sem starfar við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi og óskar eftir að honum sé ákveðið lægra endurgjald en svarar til viðmiðunarfjárhæða samkvæmt reglum þessum skulu koma fram upplýsingar um umfang og eðli starfseminnar og starfs hans, upplýsingar um önnur launuð störf og eftir því sem við á, upplýsingar um verð á útseldri vinnu hans eða starfsmanna sem vinna í þjónustu hans. Hann skal ennfremur gera grein fyrir afkomu rekstrarins á síðastliðnu ári og leggja fram áætlun um rekstur og tekjur hans á staðgreiðsluárinu, svo og gera grein fyrir hvaða fjármagn sé bundið í rekstrinum.

Maður sem starfar hjá félagi og óskar eftir að honum sé ákveðið lægra endurgjald en svarar til viðmiðunarfjárhæða samkvæmt 4. kafla í reglum þessum skal leggja fram hliðstæðar upplýsingar um umfang og eðli starfseminnar og starfs hans, um önnur launuð störf sín og eftir því sem við á upplýsingar um verð á útseldri vinnu hans og annarra starfsmanna sem vinna hjá félaginu.

Staðgreiðsla af reiknuðu endurgjaldi er bráðabirgðagreiðsla tekjuskatts og útsvars á tekjuári. Endanleg ákvörðun reiknaðs endurgjalds fer fram við endurskoðun skattframtala og skal ríkisskattstjóri þá hækka reiknað endurgjald frá ákvörðun þess vegna staðgreiðslu á tekjuárinu, komi þá í ljós að það hafi ekki verið í samræmi við reglur þessar.

Hafi maður svo lágt reiknað endurgjald af starfsemi samkvæmt samþykktri áætlun að staðgreiðsla hans sjálfs eða vegna hans og maka hans verði engin á árinu getur hann sótt um til ríkisskattstjóra að skila „Skilagrein vegna reiknaðs endurgjalds“ einu sinni á ári. Sé áætlað reiknað endurgjald af starfseminni innan við 450.000 krónur á árinu 2017 fellur það utan staðgreiðslu.

3. Reiknað endurgjald við álagningu.

Framteljandi, sem reglur þessar taka til, skal í skattframtali sínu reikna sér endurgjald eigi lægra en viðmiðunarfjárhæðir í 4. kafla og að teknu tilliti til afkomu rekstrar, eigin fjár í rekstri, vinnuþáttar í rekstrinum og taxta fyrir útselda vinnu og launa eða reiknaðs endurgjalds í öðru starfi, sbr. 1. kafla.

Telji framteljandi að reiknað endurgjald, og eftir atvikum laun hans, eigi að vera lægra í skattframtali en sú fjárhæð sem staðgreiðsla var greidd af eða lægra en viðmiðunarfjárhæð skv. 4. kafla í reglum þessum eða lægra en endurgjald sem ákveðið er skv. 1. kafla þeirra með hliðsjón af taxta fyrir útselda vinnu, afkomu rekstrar og eigin fé í rekstri, skal hann láta fylgja skattframtali sínu gögn og rökstuðning fyrir mati sínu ásamt upplýsingum, sbr. 2. kafla hér að framan.

Að móttæknu skattframtali og öðrum framtalsgögnum skal ríkisskattstjóri endurskoða reiknað endurgjald framteljanda, maka hans og barna eftir því sem tilefni er til.

Ríkisskattstjóra er heimilt að fallast á að reiknað endurgjald sé lægra en viðmiðunarfjárhæðir kveða á um ef rökstuðningur og gögn framteljanda og eftir atvikum þess lögaðila, sem hann tekur eða á að taka laun hjá, réttlæta slíka ákvörðun. Fallist ríkisskattstjóri ekki á rök framteljanda um lægra reiknað endurgjald skal hann hækka það til samræmis við viðmiðunarfjárhæðir í reglum þessum.

Sé um að ræða endurgjald manns með eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal hækkan ríkisskattstjóra á reiknuðu endurgjaldi ekki leiða til þess að tap á rekstrinum verði meira en almennar fyrningar ársins. Sé um að ræða elli- eða örorkulífeyrisþega með eigin atvinnurekstur skal þess gætt að ekki verði tap á rekstrinum. Ákvæði þessi taka ekki til félaga og þeirra sem reikna ber sér endurgjald vegna starfa hjá þeim.

4. Starfaflokkar og viðmiðunarfjárhæðir.

Þær fjárhæðir sem fara hér á eftir eru *lágmarksviðmiðun* fyrir reiknað endurgjald manna sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi eða starfa í hvers kyns stjórnunarstörfum og/eða almennum störfum hjá t.d. einkahlutafélagi, hlutafélagi, sameignarfélagi, samlagsfélagi, samlagshlutafélagi eða tengdum félögum sem þeir sjálfir, makar þeirra, venslamenn eða aðrir þeim nátengdir eða þeir ásamt samstarfsmönnum hafa ráðandi stöðu í vegna eignar- eða stjórnaraðildar. Athygli er vakin á að ef greidd eru einhvers konar hlunnindi til viðbótar við almenn laun, t.d. bifreiðahlunnindi, þá skulu þau metin samkvæmt skattmatsreglum og bætast við fjárhæðir samkvæmt viðkomandi viðmiðunarflokki.

Flokkur A. Sérfræðipjónusta.

Til flokks A teljast sérmenntaðir menn vegna starfa í sérgrein sinni og/eða stjórnunarstarfa á þeim vettvangi, svo sem lyfjafræðingar, læknar, tannlæknar, lögfræðingar, löggiltir endurskoðendur, verkfræðingar, ráðgjafar og aðrir sérfræðingar, m.a. á tölvusviði, í fjármálaráðgjöf og verðbréfa-viðskiptum.

Flokkur A skiptist í átta undirflokka:

A(0) Sérfræðingur sem situr í og/eða vinnur í þágu skilanefnda eða slitastjórna fjármála-fyrirtækja.

Mánaðarlaun	2.566.000 kr.
Árslaun	30.792.000 kr.

A(1) Sérfræðingur sem jafnframt stýrir rekstri þar sem starfa með honum fleiri en fimmtán starfsmenn eða samtals greidd laun til starfsmanna og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum fleiri en fimmtán manna.

Mánaðarlaun	1.283.000 kr.
Árslaun	15.396.000 kr.

A(2) Sérfræðingur sem jafnframt stýrir rekstri þar sem starfa með honum tíu til fimmtán starfsmenn eða samtals greidd laun til starfsmanna og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum tíu til fimmtán manna. Læknar, lögfræðingar, löggiltir endurskoðendur, og verkfræðingar falla undir þennan flokk ef með þeim starfa þrír til fimmtán starfsmenn.

Mánaðarlaun	1.155.000 kr.
Árslaun	13.860.000 kr.

A(3) Sérfræðingur sem jafnframt stýrir rekstri þar sem starfa með honum sex til níu starfsmenn eða samtals greidd laun til starfsmanna og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum sex til níu starfsmanna. Læknar, lögfræðingar, löggiltir endurskoðendur og verkfræðingar falla undir þennan flokk ef þeir starfa einir eða með tvo starfsmenn eða færri.

Mánaðarlaun	1.091.000 kr.
Árslaun	13.092.000 kr.

A(4) Sérfræðingur sem jafnframt stýrir rekstri þar sem starfa með honum tveir til fimm starfsmenn eða samtals greidd laun til starfsmanna og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum tveggja til fimm starfsmanna. Tannlæknar, falla undir þennan flokk ef þeir starfa einir eða með fimm starfsmenn eða færri.

Mánaðarlaun	1.026.000 kr.
Árslaun	12.312.000 kr.

A(5) Sérfræðingur, þó ekki læknir, lögfræðingur, löggiltur endurskoðandi eða verkfræðingur sem fellur undir A(2) eða A(3) eða tannlæknir sem fellur undir A(4), sem starfar einn eða með einum til tveimur starfsmönnum eða samtals greidd laun og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum allt að tveggja starfsmanna.

Mánaðarlaun	898.000 kr.
Árslaun	10.776.000 kr.

A(6) Sérfræðingur, þó ekki þeir sem falla undir A(2)-A(5), sem starfar einn og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum eins starfsmanns.

Mánaðarlaun	770.000 kr.
Árslaun	9.240.000 kr.

A(9) Sérfræðingur sem er að hefja starfsemi og hann starfar einn eða með einum starfsmanni. Undir þennan flokk heyra einungis þeir sem eru að hefja sjálfstæða starfsemi í fyrsta sinn, og einungis í eitt ár frá upphafi starfseminnar.

Mánaðarlaun	641.000 kr.
Árslaun	7.692.000 kr.

Deili tveir eða fleiri menn sem undir reglur þessar falla með sér stjórnun á rekstrinum skal reiknað endurgjald þeirra fara eftir flokki A(2) til A(5) miðað við að fjölda starfsmanna að þeim meðtöldum sé deilt á þá.

Flokkur B. Almenn starfsemi, iðnaður, verslun, útgerð og þjónusta.

Til flokks B teljast menn sem vinna við iðnaðar- og iðjurekstur, hvers konar verslun og viðskipti, veitingastarfsemi, útgerð og fiskvinnslu, framleiðslu landbúnaðarvara, verktakastarfsemi hvers konar og þjónustu, sem ekki heyrir undir flokk A eða C. Stjórnun rekstrarins eða félagsins er hluti af störfum þeirra sem falla undir flokk B(1), B(2), B(3) og B(4), þótt þeir vinni einnig önnur almenn störf við reksturinn.

Flokkur B skiptist í sex undirflokk:

B(1) Maður sem stýrir rekstri þar sem starfa með honum fleiri en fimmtán starfsmenn eða samtals greidd laun til starfsmanna og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum fleiri en fimmtán manna.

Mánaðarlaun	1.078.000 kr.
Árslaun	12.936.000 kr.

B(2) Maður sem stýrir rekstri þar sem starfa með honum tíu til fimmtán starfsmenn eða samtals greidd laun til starfsmanna og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum tíu til fimmtán manna.

Mánaðarlaun	969.000 kr.
Árslaun	11.628.000 kr.

B(3) Maður sem stýrir rekstri þar sem starfa með honum sex til níu starfsmenn eða samtals greidd laun til starfsmanna og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum sex til níu starfsmanna.

Mánaðarlaun	807.000 kr.
Árslaun	9.684.000 kr.

B(4) Maður sem stýrir rekstri þar sem starfa með honum tveir til fimm starfsmenn eða samtals greidd laun til starfsmanna og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum tveggja til fimm starfsmanna.

Mánaðarlaun	675.000 kr.
Árslaun	8.100.000 kr.

B(5) Maður, sem starfar einn eða með færri en tveimur starfsmönnum eða samtals greidd laun og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum allt að tveggja starfsmanna.

Mánaðarlaun	537.000 kr.
Árslaun	6.444.000 kr.

B(9) Maður sem er að hefja starfsemi og hann starfar einn eða með einum starfsmanni. Undir þennan flokk heyra einungis þeir sem eru að hefja sjálfstæða starfsemi í fyrsta sinn, og einungis í eitt ár frá upphafi starfseminnar.

Mánaðarlaun	392.000 kr.
Árslaun	4.704.000 kr.

Deili tveir eða fleiri menn sem undir reglur þessar falla með sér stjórnun á rekstrinum skal reiknað endurgjald þeirra fara eftir flokki B(1), B(2), B(3) eða lægst B(4) miðað við að fjölda starfsmanna að þeim meðtöldum sé deilt á þá.

Flokkur C. Fjölmíðlun, listamenn, skemmtikraftar, útgefendur, sérhæfð sölustarfsemi eða þjónusta o.fl.

Til flokks C teljast menn, sem vinna við framangreinda starfsemi, svo sem blaðamenn, fréttamenn og dagskrárgerðarmenn, þeir sem starfa við bóka- og blaðaútgáfu, kvikmyndagerð, listamenn, skemmtikraftar o.fl. Ennfremur sérhæfð sölustarfsemi, svo sem fasteignasala, bifreiðasala, bókhaldsþjónusta, kennslustarfsemi, skólarekstur og námskeiðahald. Einnig háskólamenntaðar heilbrigðisstéttir, s.s. hjúkrunarfræðingar, iðjuþjálfarar og sjúkranuddarar og aðrir með sérmenntun sem ekki falla undir flokka A eða B. Stjórnun starfseminnar er hluti af störfum þeirra sem falla undir flokk C(1), C(2), C(3) og C(4), þótt þeir vinni einnig önnur almenn störf við reksturinn.

Flokkur C skiptist í sjö undirflokka:

C(1) Maður sem stýrir rekstri þar sem starfa með honum fleiri en fimmtán starfsmenn eða samtals greidd laun til starfsmanna og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum fleiri en fimmtán manna.

Mánaðarlaun	1.041.000 kr.
Árslaun	12.492.000 kr.

C(2) Maður sem stýrir rekstri þar sem starfa með honum tíu til fimmtán starfsmenn eða samtals greidd laun til starfsmanna og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum tíu til fimmtán manna.

Mánaðarlaun	976.000 kr.
Árslaun	11.712.000 kr.

C(3) Maður sem stýrir rekstri þar sem starfa með honum sex til níu starfsmenn eða samtals greidd laun til starfsmanna og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum sex til níu starfsmanna.

Mánaðarlaun	912.000 kr.
Árslaun	10.944.000 kr.

C(4) Maður sem stýrir rekstri þar sem starfa með honum tveir til fimm starfsmenn eða samtals greidd laun til starfsmanna og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum tveggja til fimm starfsmanna.

Mánaðarlaun	781.000 kr.
Árslaun	9.372.000 kr.

C(5) Maður, sem starfar með færri en tveimur starfsmönnum eða samtals greidd laun og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum allt að tveggja starfsmanna.

Mánaðarlaun	650.000 kr.
Árslaun	7.800.000 kr.

C(6) Maður sem starfar einn og án annarra starfsmanna eða aðkeypts vinnuframlags.

Mánaðarlaun	457.000 kr.
Árslaun	5.484.000 kr.

C(9) Maður sem er að hefja starfsemi og hann starfar einn eða með einum starfsmanni. Undir þennan flokk heyra einungis þeir sem eru að hefja sjálfstæða starfsemi í fyrsta sinn, og einungis í eitt ár frá upphafi starfseminnar.

Mánaðarlaun	408.000 kr.
Árslaun	4.896.000 kr.

Deili tveir eða fleiri menn sem undir reglur þessar falla með sér stjórnun á rekstrinum skal reiknað endurgjald þeirra fara eftir flokki C(1), C(2), C(3) eða lægst C(4) miðað við að fjölda starfsmanna að þeim meðtöldum sé deilt á þá.

Flokkur D. Iðnaðarmenn o.fl.

Til flokks D teljast iðnaðarmenn í löggiltum iðngreinum sem og nuddarar og aðrir sem starfa við persónulega þjónustu og hafa ekki háskólapróf eða sambærilega menntun á sínu sviði. Ef stjórnun svo sem framkvæmdastjórn félags er aðalþáttur starfsins þar sem starfa með honum fleiri en fimm starfsmenn eða samtals greidd laun til starfsmanna og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum fleiri en fimm starfsmanna skal miða reiknað endurgjald við flokka B(1), B(2) eða B(3) hér að framan.

Flokkur D skiptist í þrjá undirflokka:

D(1) Maður sem hefur tvo til fimm starfsmenn með sér eða samtals greidd laun til starfsmanna og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum tveggja til fimm starfsmanna.

Mánaðarlaun	519.000 kr.
Árslauð	6.228.000 kr.

D(2) Maður sem starfar einn eða með færri en tveimur starfsmönnum eða samtals greidd laun og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslauðum allt að tveggja starfsmanna.

Mánaðarlaun	435.000 kr.
Árslauð	5.220.000 kr.

D(9) Maður sem er að hefja starfsemi og hann starfar einn eða með einum starfsmanni. Undir þennan flokk heyra einungis þeir sem eru að hefja sjálfstæða starfsemi í fyrsta sinn, og einungis í eitt ár frá upphafi starfseminnar.

Mánaðarlaun	315.000 kr.
Árslauð	3.780.000 kr.

Flokkur E. Ýmis starfsemi einyrkja, ófaglærðra og vélstjórnenda, hreingerningarmenn, dagforeldrar, umönnunarstörf sem ekki krefjast háskólamenntunar.

Til flokks E teljast menn sem vinna í störfum sem enga fagmenntun þarf til en geta þurft að hafa réttindapróf til að sinna starfinu, s.s. réttindi til að stjórna bifreiðum eða vinnuvélum o.s.frv. og falla ekki undir flokka A til D. Ef stjórnun svo sem framkvæmdastjórn félags er aðalþáttur starfsins og starfsmenn með honum eru fleiri en fimm eða samtals greidd laun til starfsmanna og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslauðum fleiri en fimm starfsmanna skal miða reiknað endurgjald við flokka B(1), B(2) eða B(3) hér að framan. Til þessa flokks teljast t.d. bifreiðastjórar, stjórnendur vinnuvéla, svo og starfsgreinar sem ekki krefjast sérstakrar starfsmenntunar svo sem hreingerningarmenn, dagforeldrar og starfsfólk við umönnunarstörf hvers konar sem ekki krefjast menntunar heilbrigðisstétta eins og tilgreint er í öðrum flokkum.

Flokkur E skiptist annars vegar í stjórnendur vinnuvéla og hins vegar í önnur ófagleg störf og hvor flokkurinn í tvo undirflokka, auk sérstaks flokks fyrir þá sem eru að hefja starfsemi:

E(1) Stjórnandi vinnuvéla og bifreiða, sem réttindi þarf til að stjórna, þar sem starfa með honum tveir til fimm starfsmenn eða samtals greidd laun til starfsmanna og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslauðum tveggja til fimm starfsmanna.

Mánaðarlaun	474.000 kr.
Árslauð	5.688.000 kr.

E(2) Stjórnandi vinnuvéla og bifreiða, sem réttindi þarf til að stjórna, sem starfar einn eða með færri en tveimur starfsmönnum eða samtals greidd laun og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslauðum allt að tveggja starfsmanna.

Mánaðarlaun	376.000 kr.
Árslauð	4.512.000 kr.

E(3) Aðrir menn í störfum sem falla ekki undir skilgreiningu annarra flokka, s.s. hreingerningarfólk, dagforeldrar og starfsfólk við umönnunarstörf sem ekki krefjast sérþekkingar, þar sem starfa með honum tveir til fimm starfsmenn eða samtals greidd laun til starfsmanna og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslauðum tveggja til fimm starfsmanna.

Mánaðarlaun	437.000 kr.
Árslauð	5.244.000 kr.

E(4) Aðrir menn sem falla ekki undir skilgreiningu annarra flokka, s.s. hreingerningarfólk, dagforeldrar og starfsfólk við umönnunarstörf sem ekki krefjast sérþekkingar, sem starfa með færri

en tveimur starfsmönnum eða samtals greidd laun og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum allt að tveggja starfsmanna. Ef maður starfar einn er heimilt að lækka fjárhæðina um 15%.

Mánaðarlaun	348.000 kr.
Árslaun	4.176.000 kr.

E(9) Maður sem er að hefja starfsemi og hann starfar einn eða með einum starfsmanni. Undir þennan flokk heyra einungis þeir sem eru að hefja sjálfstæða starfsemi í fyrsta sinn, og einungis í eitt ár frá upphafi starfseminnar.

Mánaðarlaun	252.000 kr.
Árslaun	3.024.000 kr.

Flokkur F. Sjómennska.

Til þessa flokks teljast sjómenn, sem starfa sem skipverjar við útgerð. Um önnur störf við útgerð fer eftir flokki B. Undir þennan flokk heyra einnig þeir sem hafa atvinnu af strandveiðum.

Flokkur F skiptist í fimm undirflokka:

F(1) Skipstjóri.

Mánaðarlaun	650.000 kr.
Árslaun	7.800.000 kr.

F(2) Stýrimaður og vélstjóri.

Mánaðarlaun	607.000 kr.
Árslaun	7.284.000 kr.

F(3) Matsveinn og bátsmaður.

Mánaðarlaun	540.000 kr.
Árslaun	6.480.000 kr.

F(4) Háseti.

Mánaðarlaun	435.000 kr.
Árslaun	5.220.000 kr.

Reiknað endurgjald í flokkum F(1) – F(4) skal að lágmarki miðast við aflahlut skv. kjarasamningi og hliðstæðar greiðslur til annarra skipverja á sama skipi eða hliðstæðu.

F(5) Skipverji á smábát, með og án kjarasamninga.

Mánaðarlaun	435.000 kr.
Árslaun	5.220.000 kr.

Reiknað endurgjald og greidd laun af aflahlut samtals skulu ekki vera lægra en 30% af 70% af aflaverðmæti bátsins, eða ekki lægri en heildarskiptaverðmæti samkvæmt ákvæðum viðeigandi kjarasamninga séu þeir fyrir hendi.

Við skil á staðgreiðslu er heimilt að miða við fjárhæðir í framangreindum flokkum en í skattframtali skal reiknað endurgjald ekki vera lægra en viðmiðun við aflaverðmæti tilgreinir.

Flokkur G. Landbúnaður.

Til flokks G teljast bændur sem einir eða með öðrum standa fyrir búrekstri, með eða án aðkeypts vinnuafis. Standi hjón bæði fyrir búrekstrinum skal reiknað endurgjald hvors hjónanna um sig metið miðað við vinnuframlag hvors um sig við búreksturinn og skiptist rekstrarhagnaður jafnframt á milli þeirra í hlutfalli við reiknað endurgjald þeirra. Vinni það hjóna, sem ekki stendur fyrir búrekstri með maka sínum, við reksturinn skal meta því endurgjald með hliðsjón af vinnuframlagi þess, metið á sama verði og endurgjald makans, og telst rekstrarhagnaður þá vera tekjur þess hjóna

sem stendur fyrir búrekstrinum. Sé búrekstur umfangsmikill og tveir eða fleiri starfsmenn eru á launum auk bóndans og maka hans og barna innan 16 ára skal flokka starfið í flokka B(1) til B(4).

Í blönduðum búskap skal ákvarða viðmiðunarflokk miðað við þann hluta búskaparins sem meiri hluti tekna stafar af.

Stundi bóndi aðra starfsemi en búskap skal ákvarða reiknað endurgjald vegna annarrar starfsemi en búrekstursins samkvæmt viðeigandi viðmiðunarflokki fyrir það starf.

Flokkur G skiptist í sex undirflokk:

G(1) Bóndi með sauðfjarrækt sem aðalbúgrein og hefur meiri hluta bútekna af henni. Flokkurinn miðast við mest 400 fjár á húsi (vetrarfóðrað á húsi).

Mánaðarlaun	161.000 kr.
Árslaun	1.932.000 kr.

G(2) Bóndi með sauðfjarrækt sem aðalbúgrein og hefur meiri hluta bútekna af henni. Flokkurinn miðast við fleiri en 400 fjár á húsi (vetrarfóðrað á húsi).

Mánaðarlaun	222.000 kr.
Árslaun	2.664.000 kr.

G(3) Bóndi með kúabú sem aðalbúgrein og hefur meiri hluta bútekna af henni. Flokkurinn miðast við mest 25 mjólkandi kýr.

Mánaðarlaun	208.000 kr.
Árslaun	2.496.000 kr.

G(4) Bóndi með kúabú sem aðalbúgrein og hefur meiri hluta bútekna af henni. Flokkurinn miðast við fleiri en 25 mjólkandi kýr.

Mánaðarlaun	287.000 kr.
Árslaun	3.444.000 kr.

G(5) Bóndi sem stendur fyrir öðrum búrekstri, svo sem svínarækt, alifuglarækt og annarri kjötframleiðslu, hrossarækt, grænmetisrækt og garðplönturækt.

Mánaðarlaun	319.000 kr.
Árslaun	3.828.000 kr.

G(6) Bóndi með loðdýrarækt sem aðalbúgrein og hefur meiri hluta bútekna af henni.

Mánaðarlaun	400.000 kr.
Árslaun	4.800.000 kr.

Flokkur H. Makar og börn.

Maður sem starfar við atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi maka síns eða starfar hjá félagi sem maki hans eða nákomnir venslamenn hafa ráðandi stöðu í vegna eignar- eða stjórnaraðildar svo og barn sem starfar með sama hætti við atvinnurekstur foreldris.

Reiknað endurgjald maka skal almennt taka mið af þeim kjarasamningum sem eru í gildi fyrir viðkomandi starf, en þó skal það aldrei nema lægri fjárhæðum en samkvæmt viðmiðunarflokkum H(1)-H(3).

H(1) Sérfræðingur, sbr. flokk A, sem vinnur í sérgrein sinni en stendur ekki fyrir starfsemi.

Mánaðarlaun	653.000 kr.
Árslaun	7.836.000 kr.

H(2) Iðnaðarmaður, sbr. flokk D, sem vinnur í iðngrein sinni en stendur ekki fyrir starfsemi.

Mánaðarlaun	348.000 kr.
Árslaun	4.176.000 kr.

H(3) Ófaglærður starfsmaður.
Mánaðarlaun 218.000 kr.
Árslaun 2.616.000 kr.

H(4) Barn, 15 ára.
Mánaðarlaun 151.000 kr.
Árslaun 1.812.000 kr.

H(5) Barn, 13 eða 14 ára.
Mánaðarlaun 131.000 kr.
Árslaun 1.572.000 kr.

Reglur þessar eru settar með stoð í 3. másl. 1. mgr. 58. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Reykjavík, 7. desember 2016.

Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 30. desember 2016